

Mánudaginn 28. nóvember kl. 15:00

Gimli, Lækjargata 3
101 Reykjavík

Boðuð eru á fundinn: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM, og Tinna Guðmundsdóttir verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Fundargerð:

1. Fundargerð síðast fundar.
 - Lagt fram til samþykktar.
2. Greining á myndlistarsjóði 2020-2022.
 - Tinna kynnir tölulega samantekt á umsóknum og styrkþegum á árunum 2020, 2021 og 2022. Gögnin voru greind eftir landshluta, aldri, kyni, upphæðum, tegund umsækjanda og árangurshlutfall greint nánar eftir hverjum flokki.
 - Það vantar greiningu á árunum 2016-2019.
3. Viðurkenningar myndlistarráðs.
 - Myndlistarráð veitir fjórar viðkenningar: heiðursviðkenning, áhugaverðasta samsýningin, áhugaverðasta endurlitið og viðuekenning á útgefnu efni. Skrifa þarf kynningartexta sem birtast í næsta tölublaði af Myndlist á Íslandi.
 - Ákveðið að opna fyrir tillögur frá almenningi í byrjun desember.
 - Rætt um nánar um vinnu fyrirkomulagið og ákveðið að halda aukafund í desember til að skipuleggja nánar.
4. Myndlistarverðlaun 2023.
 - Almenn ánægja með skipulagið frá því í fyrra en vinna við undirbúning og skipulagningu er að hefjast.
 - Búið er að bóka lðnó 16. mars.
5. Áherslur myndlistarsjóðs.
 - Rætt um hvort ákveða eigi áherslur fyrir myndlistarsjóð í komandi úthlutunum, hvort styrkja eigi verkefni sem eru á ákveðnu landsvæði eða jafnvel utan landsteinana.
 - Ákveðið að halda samtalinu áfram og bíða eftir að myndlistarstefnan komi út úr þingnefnd.
6. Verkefni myndlistarráðs 2022-25.
 - Mörg verkefni eru í farvatninu og móta þarf nánar samstarf á milli fyrirhugaðrar myndlistarmiðstöðvar og myndlistarráðs.
 - Auk þess þarf að fylgja eftir myndlistarstefnu og halda málþing.
 - Vefsíða myndlistarsjóðs þarfnast töluverð viðhalds og er ekki hægt að uppfæra eldri upplýsingar. Nú heimasíða er í pípunum.

- ákveðið að bóka fund með Hildi Jörundsdóttur, sérfræðing á skrifstofu menningar og ferðapjónustu í menningar- og viðskiptaráðuneytinu.

7. Önnur mál

- Fundur með menningarmálaráðherra í byrjun mánaðarins gekk vel. Sjóðurinn mun ekki hækka en ráðherra vill ekki að sjóðurinn lækki. Aukaframlagið sem kom til vegna Covid dettur út á næsta ár.
- Næsti fundur er ákveðin mánudaginn 12 desember.